



## Gjaldskrá fyrir leikskóla Skagafjarðar frá 1. janúar 2026

Mánaðarlegt dvalargjald er tvískipt eftir tíma dags.

### Gjaldskrá frá 8-16 Dvalargjald

|                   |            |
|-------------------|------------|
| 6 tímar eða minna | 485 kr.    |
| 6.5 tímar         | 3.147 kr.  |
| 7 tímar           | 5.810 kr.  |
| 7.25 tímar        | 8.472 kr.  |
| 7.5 tímar         | 11.135 kr. |
| 7.75 tímar        | 13.797 kr. |
| 8 tímar           | 16.460 kr. |

Ekki er hægt að hefja dvalartíma barns eftir klukkan 9 á daginn.

### Gjaldskrá utan 8-16 Dvalargjald

|           |            |
|-----------|------------|
| 7.45-8.00 | 10.650 kr. |
| 16-16.15  | 5.325 kr.  |

Við ofangreinda gjaldskrá bætist við gjald fyrir skráningardaga sem eru 20 á hverju ári. Gjald fyrir hvern nýttan skráningardag er 2.663 kr. og kemur til viðbótar við dvalargjald. Foreldrar þurfa að skrá barn á skráningardaga með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara.

### Fæðisgjald á mánuði:

|                          |            |
|--------------------------|------------|
| Morgunhressing           | 4.066 kr.  |
| Hádegisverður            | 8.848 kr.  |
| Síðdegishressing         | 4.066 kr.  |
| Samtals fyrir fullt fæði | 16.980 kr. |

Systkinaafsláttur er veittur af dvalargjaldi, 50% við 2. barn og 100% við 3. barn.

Viðbótarniðurgreiðsla á grundvelli tekna er veitt af dvalargjaldi og þurfa foreldrar að sækja um það sérstaklega. Tekjuviðmið skiptast í tvö þrep og er viðbótarniðurgreiðslan annars vegar 40% af almennu gjaldi og hins vegar 20% af almennu gjaldi.



Sæki foreldrar barn sitt eftir umsaminn dvalartíma eða mæti með það fyrir umsaminn dvalartíma tvisvar á hvorri önn (janúar - júní og júlí - desember) greiða þeir 10.000 kr. í sektargjald í hvert skipti umfram tvö.

## ***Innheimta leikskólagjalda***

1. Gjöld eru greidd fyrirfram, gjalddagi er fyrsta hvers mánaðar. Dvalargjald skal greitt fyrir umsaminn dvalartíma óháð mætingu barns. Ef barn er fjarverandi samfelld í 4 vikur eða meira geta foreldrar/forráðamenn óskað eftir að fæðisgjald sé fellt niður þann þann tíma.
2. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, dráttarvextir reiknast frá eindaga.
3. Ef gjald hefur ekki verið greitt að mánuði liðnum frá gjalddaga er viðkomandi foreldrum/forráðamönnum sent ítrekunarbréf þar sem þeim er tilkynnt að leikskólaplássinu verði sagt upp ef ekki er staðið í skilum.
4. Hafi greiðsla ekki borist eða um hana verið samið eftir einn mánuð (30 daga) frá eindaga, er foreldrum/forráðamönnum afhent uppsagnarbréf þar sem plássi barnsins er sagt upp frá og með 1. degi næsta mánaðar. Gefinn er 10 daga frestur til að ganga frá greiðslu vangoldinna gjalda. Að þeim tíma liðnum er send lokaaðvörðun og lögfræðingi falið að innheimta gjaldið.
5. Hægt er að sækja um sérgjald vegna sérstakra aðstæðna. Fræðslunefnd tekur umsókn þar að lútandi fyrir í trúnaðarbók nefndarinnar.